Þorvaldur Thoroddsen

(1855–1921)

Heimsþekktur landfræðingur og fræðimaður

Þorvaldur nam náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla, með megináherslu á jarðfræði. Hann starfaði við kennslu hér heima að námi loknu en settist að í Kaupmannahöfn 1895 ásamt konu sinni, Þóru Pétursdóttur. Þau voru vel menntaðir heimsborgarar og bæði áttu ættir að rekja til embættismanna og yfirstéttarinnar íslensku. Þau áttu eina dóttur, Sigríði, sem lést aðeins 14 ára gömul árið 1903. Fyrir átti Þorvaldur dóttur, Maríu Kristínu, sem lést úr berklum rúmlega tvítug.

Í Kaupmannahöfn starfaði Þorvaldur við rannsóknir og skriftir, og liggja eftir hann ein mestu rit sem tekin hafa verið saman um náttúrufar og sögu Íslands: *Landfræðissaga Íslands, Landskjálftar á Íslandi, Lýsing Íslands, Ferðabókin, Árferði á Íslandi í þúsund ár* og *Saga jarðelda á Íslandi.* Þessar bækur Þorvaldar og rannsóknirnar að baki þeim eru í senn eðlislýsing landsins og saga Íslandsbyggðar. Hann hlaut fjölmargar viðurkenningar erlendra háskóla og vísindafélaga fyrir framlag sitt til náttúruvísinda og náttúrusögu.

Þorvaldur lést í Kaupmannahöfn 21. september 1921, 66 ára að aldri.



Þorvaldur í Lærða skólanum, um 1868.



Þóra, Þorvaldur og Sigríður, um 1895.



Aldarafmæliskvöldverður Jarðfræðafélagsins í Lúndúnum, 27. september 1907. Þorvaldur er fimmti frá vinstri í annarri sætaröð.



Þorvaldur Thoroddsen á efri árum.

Rannsóknarleiðangrar Þorvalds Thoroddsens

Erlendis var Þorvaldur þekktur sem landkönnuður fremur en jarðfræðingur. Hálendi Íslands var í reynd ókannað þegar Þorvaldur lagði upp í viðamikla og þaulskipulagða rannsóknarleiðangra sína sumrin 1882–1898. Heita má að hann hafi kannað nær allt Ísland í ferðum sínum, hálendi sem láglendi, byggðir sem óbyggðir.

Á þessum árum var ferðamáti annar en nú, engir vegir og engin gistihús. Þorvaldur ferðaðist á hestum með alla sína rannsóknar- og viðleguútgerð og gisti í tjaldi, jafnt í gróðursælum dölum og á berangri hálendisins. Á þessum árum var veðráttan önnur en nú, kaldasta tímaskeiði Íslandssögunnar var að ljúka með harðæri og ómældum erfiðleikum af þeim sökum. Í leiðöngrum sínum naut Þorvaldur traustrar aðstoðar Ögmundar Sigurðssonar, síðar skólastjóra.

Á veturna vann Þorvaldur úr gögnum sumarsins og skrifaði greinar og bækur um niðurstöður sínar. Þá teiknaði hann kort af landinu og einstökum landsvæðum sem skarta merkum náttúrufyrirbrigðum.



Þorvaldur og Ögmundur Sigurðsson, mynd tekin á Akureyri en ártal óþekkt.



Tjaldað í óbyggðum, ártal og staður óþekkt.



Ögmundur Sigurðsson, fylgdarmaður Þorvalds Thoroddsen, í tjaldi þeirra Þorvalds.